# Grænt bókhald 2017




**Stjórn og starfsmenn Norðurár bs. við nýjan sorptroðara sem keyptur var á árinu 2017**

NORÐURÁ

**Stekkjarvík, 541 Blönduós**

# Efnisyfirlit


1.1 Yfirlýsing og áritun stjórnar.................................................... bls. 4

1.2 Áritun óháðs endurskoðanda.................................................... bls. 5

2.1 Starfsleyfi.................................................................................. bls. 6

2.2 Starfsstöð.................................................................................. bls. 6

2.3 Fyrirtækjaflokkur...................................................................... bls. 6

2.4 Bókhald...................................................................................... bls. 6

3.1 Helstu áhrifaþættir í umhverfismálum.................................... bls. 7

3.2 Sorpmagn á árinu 2017.............................................................. bls. 7

3.3 Efni í yfirlag á urðunarhólfi...................................................... bls. 8

4.1 Vöktun umhverfisþátta við urðunarstaðinn í Stekkjavík 2017 bls. 8

4.2 Niðurstöður mælinga.................................................................. bls.10

4.3 Veðurathuganir.......................................................................... bls.11

4.4 Sigvatnsmælingar...................................................................... bls.12

4.5 Akstur með sorp........................................................................ bls.12

4.6 Orkunotkun................................................................................ bls.13

5.1 Framkvæmdir 2017.................................................................... bls.14

6.1 Skýrsla um gasmælingar 2017.................................................. bls.16

6.2 Yfirlit yfir opnunardaga í Stekkjarvík og lokun vegna veðurs bls.21

**Norðurá bs.**

# Grænt bókhald 2017

## 1.1 Yfirlýsing og áritun stjórnar

Norðurá bs. er byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna Svf. Skagafjarðar, Akrahrepps, Blönduósbæjar, Svf. Skagastrandar, Skagabyggðar og Húnavatnshrepps og hefur aðsetur í Stekkjarvík, 541 Blönduós. Starfssemi félagsins fer fram í Stekkjarvík norðan við Blönduós og felst í móttöku og urðun á sorpi sem þangað er flutt frá umræddum sveitarfélögum auk allra sveitarfélaga við Eyjarfjörð samkvæmt samningi við þau. Sveitarfélögin reka gámastöðvar hvert í sinni byggð og annast flokkun sorps og flutning þess til urðunarstaðar. Sorpsamlag Þingeyinga ehf. á Húsavík hefur hætti brennslu fyrir nokkrum árum og keyrir úrgangi í urðun í Stekkjarvík. Húnaþing vestra hefur lokað sínum urðunarstað og keyrir úrgangi til Stekkjarvíkur. Starfssvæði Stekkjarvíkur spannar því allt frá Hrútafirði í vestri að Norðurþingi í austri.

Starfssemin hófst í ársbyrjun 2011 og er þetta sjötta starfsárið sem skilar grænu bókhaldi. Fyrirtækið starfar samkvæmt starfsleyfi sem útgefið var þann 26. nóvember 2010 og gildir til 26. nóvember 2026. Fyrirtækið hefur leitast við að fylgja góðum umgengnisreglum í hvívetna og efla upplýsingakerfi sitt sem grunn að grænu bókhaldi þannig að ávallt liggi fyrir sem ítarlegastar upplýsingar um umhverfisáhrif starfseminnar. Stjórn Norðurár bs. staðfestir hér með grænt bókhald 2017 með áritun sinni.

Blönduósi, 21 / 3 2018.

Í stjórn Norðurár bs.

Magnús B. Jónsson
[signature]
Sigríður Svavarsdóttir

## 1.2. Áritun óháðs endurskoðanda

Við höfum endurskoðað skýrslu Norðurár bs. um grænt bókhald fyrir árið 2017. Skýrsla um grænt bókhald er lögð fram af stjórn félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Megintilgangur með endurskoðun okkar hefur verið að meta hvort skýrsla félagsins um grænt bókhald samræmist þeim kröfum sem gerðar eru í íslenskri löggjöf, þar með talið:

- Hvort upplýsingarnar séu í samræmi við fjárhagsbókhald fyrirtækisins og þær tölur sem sendar eru þeim aðila sem hefur eftirlit með starfsleyfi vegna mengunarmælinga.
- Að kanna hvort skilyrðum í lögum og reglum varðandi innihald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að skýrsla um grænt bókhald sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, spurningar til starfsmanna félagsins, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingar sem fram koma í skýrslunni. Í endurskoðuninni felst jafnframt mat á þeim aðferðum sem notaðar eru við gerð skýrslunnar.

Það er álit okkar að skýrsla Norðurár bs. um grænt bókhald á árinu 2017 sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og að tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.

Sauðárkróki, 20 / 3 2018.

KPMG ehf.

Kristján Jónasson

## 2.1 Starfsleyfi

Núgildandi starfsleyfi er gefið út af Umhverfisstofnun þann 26. nóvember 2010 og gildir til 16 ára, til 26. nóvember 2026. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfseminni samkvæmt starfsleyfi. Samkvæmt starfsleyfinu er heimilt að taka við öllum meðhöndluðum úrgangi öðrum en spilliefnum.

## 2.2 Starfsstöð

Starfsemi fyrirtækisins fer fram í Stekkjarvík norðan við Blönduós. (sjá afstöðumynd)



**Grunnmynd heildarhólfs með stækkun ársins 2016, vegur, aðkoma, skemma og þjónustuplan í Stekkjarvík**. *Efla, 2016.*

## 2.3 Fyrirtækjaflokkur

Starfssemi fyrirtækisins er urðun úrgangs og fellur því undir flokk 5.4 skv. reglugerð um grænt bókhald nr. 851/2002.

## 2.4 Bókhald

Bókhaldstímabilið nær yfir 1. janúar 2017 - 31. desember 2017.

## 3.1 Helstu áhrifaþættir í umhverfismálum

Starfssemi Norðurár bs. er eingöngu bundin við urðunarstaðinn í Stekkjarvík og er afmörkuð við hann. Ferlið er þannig að flutningatækin eru vigtuð þegar þau koma lestuð, farmurinn er skilgreindur og ekið að urðunarhólfi og þau losuð. Að losun lokinni eru þau vigtuð aftur. Allar vigtanir eru skráðar og haldið utan um mismunandi flokka. Sorpinu er þjappað í urðunarhólfinu með troðara og er hulið með jarðvegi. Helstu áhrifaþættir í umhverfismálum eru því einkum þrír:

1. Sorpmagn
2. Losun mengunarefna frá urðunarstað
3. Gaslosun

## 3.2 Sorpmagn á árinu 2017

Á árinu 2017 sjöunda starfsárinu var tekið á móti 20.523 tonnum. Á sjötta starfsári var tekið á móti 20.241 tonni, á fimmta starfsári var tekið á móti 18.267 tonnum af sorpi, á fjórða starfsári var tekið á móti 16.088 tonnum, á þriðja starfsári var tekið á móti 14.508 tonnum, á öðru starfsári var tekið á móti 12.342 tonnum en á fyrsta starfsári voru urðuð 8.882 tonn af úrgangi í Stekkjarvík. Aukningin á milli áranna 2015-2016 er 10,8%. Heimilt er að taka á móti allt að 21.000 tonn á ári og var sorpmagnið 96% af leyfðu magni á síðasta starfsári. Samtals hefur því verið tekið við 110.851 tonnum í Stekkjarvík frá árinu 2011. Niðurstöður sorpmagns eftir sorpflokkum á árunum 2016 og 2017 eru birtar í töflu 1.

NORÐURÁ

| | 2016 | 2017 | Br.milli ára í % |
|---|---|---|---|
| **H01 - Blandað frá heimilum** | 4.210.473 | 4.733.791 | *12,4%* |
| **H02 - Stór húsgögn, dýnur, grófur timburúrgangur** | 899.750 | 1.249.520 | *38,9%* |
| **R01 - Blandað frá fyrirtækjum** | 9.402.290 | 9.252.064 | *-1,6%* |
| **R02 - Dýrahræ** | 922.650 | 764.330 | *-17,2%* |
| **R03 - Sláturúrgangur** | 3.229.180 | 2.940.251 | *-8,9%* |
| **R04 - Spænir, bútar, kurlað timbur** | 531.720 | 854.830 | *60,8%* |
| **R05 - Rotþrær** | 143.080 | 59.340 | *-58,5%* |
| **R06 - Veiðarfæri** | 112.030 | 98.019 | *-12,5%* |
| **R07 - Plast** | 41.380 | 17.540 | *-57,6%* |
| **R08 - Sandfangarar og olíuskiljur** | 278.380 | 143.480 | *-48,5%* |
| **R09 - Kjöt og fiskur** | 65.460 | 84.340 | *28,8%* |
| **R10 - Asbest** | 28.873 | 8.528 | *-70,5%* |
| **R11 - Niðurrifs byggingarefni** | 206.390 | 194.490 | *-5,8%* |
| **R12 - Ketilryk / Kolasalli** | 3.450 | 5.060 | *46,7%* |
| **R14 - Grófur plastúrgangur** | 151.820 | 114.400 | *-24,6%* |
| **H04-Gler** | 14.200 | | *-100,0%* |
| **R14 - Málning** | | 3.459 | |
| **Kg. Samt.** | **20.241.126** | **20.523.442** | *1,4%* |

**Tafla 1. Niðurstöður sorpmagns eftir sorpflokkum.**

### 3.3 Efni í yfirlag á urðunarhólfi

Á árinu 2017 var notuð möl til yfirlags yfir sorp í urðunarhólfinu. Samkvæmt starfsleyfi er skylt að birgja úrgang daglega sem settur hefur verið í urðunarhólf. Magn malarefnis árið 2017 var **10.774 m³**.

### 4.1 Vöktun umhverfisþátta við urðunarstaðinn í Stekkjavík fyrir árið 2017

*Samantekt Sigríðar Hjaltadóttur, heilbrigðisfulltrúa hjá Heilbrigðiseftirliti Nl. vestra.*

# Vöktun umhverfisþátta við urðunarstaðinn Stekkjarvík fyrir árið 2017

Urðunarstaðurinn í Stekkjarvík tók á móti 20.241.126 tonnum af úrgangi árið 2016 og 20.523.442 tonnum árið 2017. Sýni voru tekin 8. maí 2017 og 2. október 2017 skv. mælingaáætlun sem gefin er upp í starfsleyfi og samkvæmt hnitum frá Verkfræðistofunni Eflu ehf. Mælingabrunnar voru þeir sömu og áður. Framkvæmd sýnatökufer þannig fram að plastfata er látin síga ofan í brunnana og hún fyllt af vatni. Vatninu er hellt í þar til gerð sýnatökuglös sem Matís sér um að útbúa samkvæmt pöntun frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra.




**Mælingabrunnar merktir skv. sýnatökuáætlun Eflu ehf.**

**Sýnataka 8. maí 2017**

Heilbrigðisfulltrúin Sigríður Hjaltadóttur tók sýnin, með í för var umsjónarmaður urðunarstaðarins Fannar Viggóson. Sýni voru tekin úr brunni BR4 ofan við hreinsivirki og BR6 neðan við hreinsivirki. DY1 og DY2 eru sýni úr læk. MG1 og MG2 eru grunnvatnsbrunnar sem sýni voru tekin úr og síðan var tekið sýni af seti úr flæðarmáli fyrir neðan urðunarstaðinn. Leiðbeiningum frá Verkfræðistofunnar Eflu ehf. frá 11.1. 2011 var fylgt eins og kostur var.

Staða grunnvatns í brunni MG1 ofan urðunarstaðar var 102 cm og hitastig 4,2°C ekki var unnt að mæla rennsli og í brunni G2 var hæð grunnvatns 95 cm og hitastig 5,6°C ekki var unnt að mæla rennsli. Á meðan sýnatöku stóð var veður þurrt, vindur 8 m/sek og lofthiti 7,5°C. Önnur hitatig voru: BR4 9,6°C BR6 9,4°C DY1 5,8°C DY2 6,0°C

Öll sýnin voru send til Matís sem mældi COD, Leiðni og pH, en aðrar mælingar voru framkvæmdar hjá ALS Scandinavia AB í Svíþjóð.

**Sýnataka 2. október 2017**

Heilbrigðisfulltrúarnir Sigríður Hjaltadóttir og Sigurjón Þórðarson tóku sýnin ásamt starfsmanni urðunarstaðarins, Jóni Rögnvaldssyni.

Á meðan sýnatöku stóð var vindur 4,7 m/sek, lofthiti 6 °C og loftraki 91%.

Mælistöðvarnar voru valdar í samræmi við leiðbeiningar frá Verkfræðistofunni Eflu sem fyrr þ.e. fyrir ofan og neðan hreinsivirki og verklag það sama og fyrr.

Grunnvatnsstaða var ekki mæld á mælistöðvum Mg1 og Mg2, þar sem búið var að grafa upp brunn Mg1 vegna stækkunar urðunarstaðarins og brunnur Mg2 var þurr, þegar sýnataka fór fram.

Sýnatökustaðurinn B4 var fullur af vetni sem bendir til að stíflað væri milli brunnanna ofan og neðan hreinsivirkis. Skv. starfsmanni stíflast lögnin eftir að hreinsivirki er tæmt en það var gert vikunni áður.

Öll sýnin voru send til Matís sem mældi COD, leiðni og pH, en aðrar mælingar voru framkvæmdar hjá ALS Scandinavia AB í Svíþjóð.



**Stekkjarvík sumarið 2017 – Urðun að byrja í stækkuðu urðunarhólfi**

## 4.2 Niðurstöður mælinga 2017

| Mæliþáttur | maí | | sept (okt) | |
|---|---|---|---|---|
| | BR4 | BR6 | BR4 | BR6 |
| | | | | |
| Súrefnisþörf (COD) | 401 | 437 | 190 | 180 |
| Leiðni | **7200** | **7300** | 6500 | 7600 |
| Sýrustig | **7,45** | **7,45** | 7,0 | 7,1 |
| Uppleyst lífrænt kolefni (DOC) | **211** | **239** | 214 | 464 |
| Nítur $N_{(heildar)}$ | 706 | 630 | 513 | 632 |
| Ammoníak $NH_4^+$ | 603 | 794 | 660 | 812 |
| Nítrat $NO_3^-$ | **<2,00** | **<2,00** | 512 | 630 |
| fosfór $P_{Heildar)}$ | 3,09 | 3,09 | 4,77 | 5,22 |
| Lífræn halogen (AOX) | 0,621 | 0,400 | 0,517 | 0,448 |
| Klór $Cl^-$ | 1410 | 1420 | 701 | 879 |
| Flúor $F^-$ | <0,200 | <0,400 | 0,594 | 0,595 |
| Súlfat $SO_4^{--}$ | <5,00 | <5,00 | 9,76 | 25,3 |
| Járn Fe | 14,7 | 13,9 | 13,8 | 12,1 |
| Fenoltala | 0,21 | 0,238 | 0,061 | 0,041 |
| Blý Pb | **59,6** | 2,57 | 1,31 | 1,52 |
| Kvikasilfur Hg | 0,0228 | <0,02 | <0,02 | <0,02 |
| Cadmíum Cd | 0,168 | 0,174 | 0,123 | 0,111 |
| Króm Cr | 63,9 | 65,7 | 46,6 | 54,9 |
| Kopar Cu | 56,7 | 65,7 | 74,2 | 62,5 |
| Sink Zn | 58,5 | 68,2 | 60,4 | 83,8 |
| Arsen As | 27,2 | 28,5 | 27,8 | 32,4 |
| Nikkel Ni | 59,9 | 58,8 | 29,9 | 33,0 |
| Baríum Ba | 57,3 | 57,1 | 34,1 | 38,8 |
| Mólýbden Mo | 1,34 | 1,42 | 0,597 | 0,885 |
| Antimon Sb | 1,09 | 1,19 | 5,64 | 3,85 |
| Selen Se | **<3** | **<3** | <3 | <3 |
| Tin Sn | 2 | 1,99 | 5,23 | 2,47 |
| tot ext aliphats (Olía/fita) | 7,37 | 4,48 | 9,85 | 12,0 |
| non-polar aliphats (Olía/fita) | 0,14 | 0,11 | 0,30 | 0,38 |
| tot ext aromat | 2,24 | 1,66 | 1,25 | 0,87 |
| benzen(BTEX) | **0,55** | **0,45** | 0,52 | 0,41 |
| toluen (BTEX) | 466 | 429 | 206 | 179 |
| etylbenzen (BTEX) | 2,96 | 2,4 | 1,23 | 1,12 |
| xylen sum (BTEX) | 7,9 | 6,2 | 4,2 | 4,0 |
| m-p-xylene | 5,7 | 4,46 | 2,57 | 2,44 |
| o-xylene | 2,24 | 1,78 | 1,66 | 1,57 |

**Veðurathuganir**

Vegna athugana á veðurfari þá daga sem sýnataka fór fram, þá vísast í frekari gögn frá Verðurstofu Íslands um veðurfar frá sjálfvirkri veðurstöð á Blönduósi dagana 8. maí og 2. okt. 2017

Sýni voru tekin á tímabilinu frá kl 12 til kl. 16 báða dagana.

Sauðárkróki 18.1. 2018

Sigríður Hjaltadóttir

## 4.3 Veðurathuganir

*Stuðst er við gögn frá Veðurstofu Íslands sem byggjast á veðurathugunum á Blönduósi.*

Sýnd er vindrós fyrir tímabilið 3. september 2003- 30. apríl 2012 um tíðni vindátta á Blönduósi.





**Starfsmenn Norðurár bs. í Stekkjarvík að störfum á mismunandi tækjum.**

## 4.4 Sigvatnsmælingar

Gerðar eru mánaðarlegar sigvatnsmælingar í brunnum og eru þær sýndar í meðfylgandi töflu:

| Stekkjarvík, sigvatnsmælingar | | | |
|---|---|---|---|
| Mánuður | Dags | Brunnur nr. | Mæling (sl) |
| Janúar | 31.1.2017 | Nr.6 | 0,4 |
| Febrúar | 28.2.2017 | Nr.6 | 0,5 |
| Mars | 31.3.2017 | Nr.6 | 0,4 |
| Apríl | 28.4.2017 | Nr.6 | 0,3 |
| Maí | 31.5.2017 | Nr.6 | 0,2 |
| Júní | 30.6.2017 | Nr.6 | 0,2 |
| Júlí | 31.7.2017 | Nr.6 | 0,1 |
| Ágúst | 31.8.2017 | Nr.6 | 0,5 |
| September | 29.9.2017 | Nr.6 | 0,5 |
| Október | 31.10.2017 | Nr.6 | 0,6 |
| Nóvember | 30.11.2017 | Nr.6 | 1,0 |
| Desember | 29.12.2017 | Nr.6 | 0,5 |

## 4.5 Akstur með sorp

Akstursfjarlægðir til Stekkjarvíkur eru:

| | |
|---|---|
| Blönduós | 6 km |
| Skagaströnd | 17 km |
| Sauðárkrókur | 40 km |
| Hvammstangi | 64 km |
| Akureyri | 155 km |
| Húsavík | 245 km |




Urðun í Stekkjarvík 2016 eftir upptökusvæðum




Urðun í Stekkjarvík 2017 eftir upptökusvæðum

## 4.6 Orkunotkun

Gasolíunotkun er bundin við notkun á tækjum, sem eru þrír troðarar, beltavél, hjólaskólfa, traktorsgrafa, fjórhjól og MMC pallbíll. Þau eru notuð til færslu á jarðvegi og undirbúning og frágang urðunarhólfs og til aðstoðar við losun farartækja þegar á þarf að halda. Olíunotkun á tækin var 35.017 lítrar, á bifreið 2.013 lítrar og fjórhjól 766 lítrar. Gasolíunotkun var því samtals 37.030 lítrar og bensín 766 lítrar. Rafmagn og vatn tengist eingöngu notkun í þjónustuhúsi, starfsmannaaðstöðu og þvottaplani.

**Sundurliðun á orkunotkun í lítrum er hér að neðan ásamt vinnutímaskiptingu einstakra tækja:**

## Norðurá bs. Stekkjarvík 2017

Sorpmagn, vélatímar, orkuþörf og yfirlag á svæði Norðurár bs. í Stekkjarvík

| | BOMAG I og II | hráolía Hráolía | Volvo | hráolía | Efnis-yfirlag | CAT436B | hráolía | FH300 | hráolía | Olía eftir mánuðum | Sorpmagn Eftir mánuðum |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | klst | Lítrar | klst | lítrar | m³ | klst | lítrar | klst | lítrar | lítrar | |
| jan | 92,0 | 1.622,0 | 90,0 | 847 | 1.056 | 15,0 | 92,0 | 17,0 | 217,0 | 2.778 | 1.295.420 |
| feb | 75,0 | 1.052,0 | 81,0 | 689 | 933 | 7,5 | | 10,0 | | 1.741 | 1.147.780 |
| mars | 77,0 | 1.855,0 | 101,0 | 1.029 | 1.013 | 7,5 | | 25,0 | 134,0 | 4.759 | 1.514.250 |
| apríl | 68,0 | 666,0 | 76,0 | 795 | 720 | 6,5 | 100,0 | 22,0 | 391,0 | 1.952 | 1.308.070 |
| maí | 90,0 | 1.983,0 | 107,0 | 754 | 1.034 | 24,0 | 110,0 | 18,0 | | 2.847 | 1.562.226 |
| júní | 111,0 | 1.779,0 | 77,0 | 1.100 | 978 | 13,5 | 75,0 | 12,0 | 439,0 | 3.393 | 1.681.260 |
| júlí | 129,0 | 2.223,0 | 83,0 | 674 | 978 | 40,5 | 90,0 | 6,0 | | 2.987 | 1.706.630 |
| ágúst | 148,0 | 2.425,0 | 107,0 | 956 | 800 | 29,0 | 72,0 | 21,0 | | 3.453 | 1.973.956 |
| sept | 119,0 | 2.378,0 | 100,0 | 1.049 | 818 | 29,0 | 92,0 | 38,0 | 571,0 | 4.090 | 2.526.260 |
| okt | 101,0 | 2.069,0 | 103,0 | 1.148 | 980 | 11,5 | 110,0 | 68,0 | 401,0 | 3.728 | 2.951.890 |
| nóv | 90,0 | 1.186,0 | 89,0 | 969 | 788 | 23,5 | 168,0 | 19,0 | 362,0 | 2.685 | 1.519.580 |
| des | 84,0 | 1.544,0 | 90,0 | 701 | 676 | 31,0 | 100,0 | 13,0 | | 2.345 | 1.336.120 |
| | 1.184 | 20.782 | 1.104 | 10.711 | 10.774 | 238,5 | 1.288,0 | 269,0 | 2.515,0 | 35.017 | 20.523.442 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Samtals olía* | 18.354 | 8.332 | 864 | 3.975 | 35.017 | lítrar |
| *Samtals olía á L200 bíl* | | | | | 2.013 | lítrar |
| *Samtals bensín á fjórhjól* | | | | | 766 | lítrar |
| | | | | Heild | 37.796 | lítrar |

### 5.1 Framkvæmdir 2017

Unnið var við nauðsynlegar framkvæmdir við að bæta aðstöðu á svæðinu og auka rekstaröryggi á svæðinu. Helstu framkvæmdir voru:

**Boraðar voru gasholur og var verktaki Rætunarsamband Flóa og Skeiða.**





Gasholur voru boraðar af Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða í ágúst 2017 og gengu vel. Yfirborð á urðunarhólfi nr. 1 var fyllt með leirblönduðum sandi, þjappað og tekið í rétta hæðir. Efla sá um gas- og afkastamælingar á tímabilinu 30. október – 4. nóvember 2017. Prófaðar voru alls sex holur sem settar voru niður. Í borholum 1-3 mældust afköst á bilinu 12 – 20 m3 /klst. en í borholum 4 – 6 mældust afköst minni eða engin. Forhönnun fyrirhugaðrar brennslustöðvar byggir m.a. á þessum mælingum en hafa ber í huga að ekki er búið að fylla upp í urðunarhólf og má ætla að afköst allra hola muni breytast þegar fram líða stundir. Einkum þeirra sem standa á jaðrinum eða standa í nýrri úrgangi. Einnig má gera ráð fyrir að afköst í holum minnki eftir því sem þær eldast og haugurinn kominn á síðara skeið í metanfasa.






**Frágangur á yfirborði eldra urðunarhófs og sýnishorn af gasmælinum.**

Eldur kom uppí hófinu og var brugðist við því í samræmi við verklagsreglur:





**Eldur í gorgrifjunni og Brunavarnir að störfum við að slökkva eld.**

Brunavarnir A-Hún. komu í Stekkjarvík 18/4 vegna bruna í gorgrifju og var sprautað vatni á eldinn. Grafið var niður á glóð og slökkt í. Slökkt var í eldi í gorgrifjunni eftir 18. apríl í átta skipti, 6/6 - 8/6 - 19/6 - 31/7 - 1/8 - 3/8 - 5/8 - 9/8. Starfsmenn Norðurár bs. sáu um að sinna þessum störfum. Orsök bruna er mikil hiti í fitumettuðu viðarkurli og vindur.



**Móttaka sorps í áfanga 2 og troðari að störfum**



**Urðun á sláturúrgangi í gorgrifju og hlua með spæni**

## 6.1 Skýrsla um vöktun og mælingar á hauggasi – frá Eflu, verkfræðistofu

Hér að neðan er skýrsla Eflu, verkfræðistofu um afkastamælingar og gasvöktun frá 19. janúar 2018.

**MINNISBLAÐ**

| SKJALALYKILL | VERKHEITI |
|---|---|
| 2364-004-MIN | Stekkjarvík urðunarstaður – vöktun og mælingar |
| **DAGS.** | **VERKKAUPI** |
| 19.01.2018 | Norðurá bs. |
| **SENDANDI** | **DREIFING** |
| Alexandra Kjeld | Magnús B. Jónsson / Norðurá bs. |

**MÁLEFNI**

Niðurstöður gas- og afkastamælinga í Stekkjarvík október-nóvember 2017

## Gas- og afkastamælingar

Vegna fyrirhugaðrar hauggasbrennslustöðvar á urðunarstaðnum í Stekkjarvík voru framkvæmdar gas- og afkastamælingar á tímabilinu 30. október – 4. nóvember 2017. Prófaðar voru alls sex holur sem settar voru niður af Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða í ágúst og september 2017, sjá holur nr. 1-6 á mynd 1.



**MYND 1** Staðsetning borhola á urðunarstað Norðurár bs. í Stekkjarvík. Settar voru niður sex holur (nr. 1-6) á haustmánuðum 2017, sem voru afkastamældar um mánaðarmótin október-nóvember 2017. Myndin sýnir núverandi staðsetningu borhola nr. 1-6 (mæld hnit) ásamt áhrifasvæði þeirra, auk áætlaða staðsetningu borhola nr. 7-20.

Yfirlit yfir staðsetningu hola nr. 1-6, dýpi úrgangs og götun holanna má sjá í töflu 1. Borholurnar eru 6 – 16 m djúpar og er dýpi úrgangs áætlað 7 – 17 m. Mælingar fóru fram með gasmæli (GA5000), loftdælu (Conveco) og flæðimæli (Geotech). Yfirlit yfir tímasetningar mælinga má sjá í töflu 2. Gasgæði voru áður mæld í haugnum sumarið 2015 og bentu mælingar þá til þess að haugurinn væri kominn í gasfasa (EFLA, minnisblað dags. 5.10.2015).

TAFLA 1 Hnit og dýpt borhola og áætlað dýpi úrgangs. Neðsti hluti allra hola er gataður. Unnið upp úr borskýrslum frá Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða.

| BORHOLA NR. | HNIT X | HNIT Y | LANDHÆÐ CA M.Y.S. | ÁÆTLAÐ DÝPI ÚRGANGS M MAX | DÝPT HOLU [M] | GATAÐ [M] | ÓGATAÐ [M] | UPP ÚR JÖRÐ [M] |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 441655,392 | 580612,917 | 40 | 8 | 6 | 4 | 2 | 1 |
| 2 | 441647,530 | 580584,082 | 40 | 12 | 12 | 4 | 3 | 1 |
| 3 | 441622,401 | 580577,883 | 40 | 7 | 10 | 3 | 7 | 1 |
| 4 | 441676,521 | 580591,792 | 40 | 9 | 6 | 3 | 3 | 1 |
| 5 | 441665,237 | 580566,173 | 40 | 17 | 15 | 3 | 12 | 1 |
| 6 | 441644,581 | 580556,056 | 40 | 17 | 16 | 13 | 3 | 1 |

TAFLA 2 Tímasetningar gas- og afkastamælinga og veðurupplýsingar á meðan á mælingum stóð (Veðurstofa Íslands).

| MÆLING DAGS. | BORHOLA NR. | LENGD MÆLINGAR [KLST] | HITASTIG ÞRÓUN, T [°C] | VINDUR (MEÐALTAL) [M/S] | LOFTÞRÝSTINGUR ÞRÓUN, P [HPA] |
|---|---|---|---|---|---|
| 30. - 31. október 2017 | 3 | 19 | Hækkandi, frá 7° til 10°C | SSA 1 – 7 (4,3) | Lækkandi, frá 1008 í 996 hPa |
| 31. október og 1. nóvember 2017 | 6 | 2,5 | Lækkandi, frá 10°C til 0°C | S 1- 6 (3,6), N 4 – 10 (6,6) | Hækkandi, frá 995 í 1015 hPa |
| 1. - 2. nóvember 2017 | 2 | 24 | Hækkandi, frá 0°C til 8°C | SSA 2 – 13 (7,2) | Lækkandi, frá 1016 í 990 hPa |
| 2. – 3. nóvember 2017 | 1 | 22 | Lækkandi, frá 7° til -2°C | S 6 – 9 (7,0), N 4 – 6 (4,8) | Stöðugur þrýstingur, 989 – 994 hPa |
| 3. nóvember 2017 | 4 | 0,5 | -2°C | NNA 3 | 994 hPA |
| 3. – 4. nóvember 2017 | 5 | 21 | Stöðugur hiti, á bilinu -2°- 0° | N 2 – 11 (5,7) | Hækkandi, frá 994 í 1003 hPa |



MYND 2 Gas- og afkastamælingar við holu 3. Ljósmynd AK.



MYND 3 Gas- og afkastamælingar við holu 5. Ljósmynd AK.



MYND 4 Gas- og afkastamælingar við holu 4. Ljósmynd AK.



MYND 5 Endanlegir holutoppar með loka festir á borholu 3. Ljósmynd AK.

## 6.2 Yfirlit yfir opnunardaga í Stekkjarvík og lokun vegna veðurs

| Veður Janúar | Veður Feb | Veður Mars | Veður Apríl | Veður Maí | Veður | Veður Júlí | Veður Ágúst | Vrður Sept | Veður Okt | Veður Nov | Veður Des |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| sa 12-18 | logn | logn | | sa 20 | na 8-15 | logn | logn | n 6-12 | n 2-4 | sa-2-4 | sv |
| sa-5 | s 5-10 | logn | | sa 8-16 | na 8-12 | logn | logn | n 4-6 | na2-4 | sa-12-15 | sv 4-6 |
| sa-5 | logn | logn | | logn | nv 4-8 | logn | logn | n 4-6 | na 2-4 | n 4-6 | sv 4-8 |
| sv 14-25 | logn | logn | | logn | nv 4-8 | logn | logn | n 4-8 | logn | s 6-8 | n 9-20 |
| s 4 | sa 12-25 | logn | | nv 4-8 | nv 4-8 | logn | | n 6-10 | na 4-6 | s-2-4 | n 9-12 |
| a 15-25 | sa 12-28 | logn | | v 4-6 | n 2-4 | logn | | na 6-10 | logn | na 4-12 | s 2-6 |
| n-4 | sa 2-4 | n 2-6 | | na 12-25 | n 4-6 | | | na 4-8 | na 4-5 | na 4 | sa 2-6 |
| n 5-8 | sa 2-6 | logn | | na 12-25 | n 4-6 | | | na 3-6 | na 8-10 | na 4 | sa 2-6 |
| na 4-6 | sa 4-6 | s 3-6 | | na 12-25 | na 4-10 | logn | logn | | n 8-12 | s 8-12 | na 4-8 |
| sa 4 | | s 4-6 | | n 2-6 | na 4-12 | logn | logn | logn | na10-14 | s 4-6 | na 4-8 |
| sv 12-25 | logn | s 3-8 | | n 2-6 | logn | | logn | sv 5-8 | logn | s 6-8 | sa 2-4 |
| sv 12-18 | logn | na 12-19 | | na 6-12 | logn | s 4-6 | logn | sv 5-8 | logn | s 6-8 | s 4-19 |
| sv 12 25 | logn | sa 6-8 | sv 8-10 | | sa 4-10 | | na 4-8 | sv 5 | sa 6-10 | v 6-12 | s 8-18 |
| sv 4 | n 4-6 | n 2-4 | sa 4-6 | logn | sa 4-8 | | na 4-8 | sa 6-12 | | n 8-12 | s 8-15 |
| sv 4-10 | n 6-8 | n 2-4 | sv 4-28 | logn | logn | logn | logn | na 3-6 | sa 3-8 | na 12-20 | s 6 12 |
| sa 15-25 | sa 6-12 | sa 2-4 | sv 12-15 | logn | n 6-14 | logn | logn | na 3-6 | logn | na 12-22 | s 4-8 |
| s 3-5 | sa 12-16 | sa 15-30 | | na 3-6 | logn | logn | logn | sa 4-8 | na-8-12 | na 12-20 | na 4-8 |
| s 3-4 | sa 12-18 | sa 12-20 | | logn | logn | logn | logn | sa 6-12 | logn | na 12-22 | na 4-8 |
| sa 5 | sa 4-8 | s 2-4 | | logn | logn | | logn | s 2-20 | sv-8-14 | na 4-8 | logn |
| na 10-15 | logn | sa 4-6 | | na 4-10 | logn | logn | n 4-6 | logn | sv-8-15 | v 4-6 | |
| | | sa 2-4 | | | | | n 2-4 | n 4-6 | sv-2-4 | v-2-4 | |
| a 12-14 | | na 3-5 | | | | logn | logn | | sv-2-6 | v-2-4 | |
| | | logn | | | | | s 8-12 | | | sa 6-8 | |
| | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | |

| | |
|---|---|
| 25 Dagar | Lokað vegna veðurs |
| 14 Dagar | Lokað hluta dags vegna veðurs |

Stekkjarvík, Blönduósbæ 12. mars 2018.

Magnús B. Jónsson, stjórnarformaður Norðurár bs.
Fannar Viggósson, umsjónarmaður
Ágúst Þór Bragason, Tæknideild Blönduósbæjar